

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Axel Rodriguez Överby  
Dags. 20. febrúar 2024  
Mnr. 2024020007



ÍSAFJARÐARBÆR

## Sviðsmyndir slökkvistöðvar

Núverandi slökkvistöð við Fjarðarstræti samanstendur af tveimur matshlutum sá eldri byggður árið 1938 og sá eldri 1978, samanlögð stærð þessara matshluta eru 164 fm. Fjarðarstræti 26, nýrri hlutinn nær Salem, er byggður árið 1978 skv. aðaluppdráttum, skráð stærð er 454,1 fm. Brúttóstærð allra matshluta er 618,1 fm.

Mannvirkið er hefðbundið staðsteypt mannvirki, á steiptum sökklum og með steyptri gólfplötu. Mannvirkið er einangrað að innan með plasteinangrun og múr utan á einangrun. Þakvirki samanstendur af þaksperrum, borðaklæðningu og báru.

Núverandi mannvirki er farið að láta á sjá og það hafa verið tíð lekavandamál sem má rekja til fjölpættra vandamála sem eru eftirfarandi.

- Þakvirki í heild, frágangi og vinnu við þak ábótavant.
- Frágangur við glugga
- Sprungur í útveggjum.
- Almennu viðhaldi ábótavant

Núverandi ástand slökkvistöðvar er ekki gott og þarf að gera töluverðar úrbætur í nokkrum rýmum t.a.m. í geymslu inn af skrifstofum á 2. hæð þar sem turn stöðvarinnar er staðsettur. Þar innaf voru miklar rakaskemmdir og þar lekur inn þegar það rignir. Fötur sem eru til að taka við vatni fyllast ef þær eru ekki tæmdar yfir helgi. Viða um mannvirkið eru ummerki um raka og eru skemmdir vel sjáanlegar. M.t.t.þ þá hefur skrifstofustarfssemi slökkvistöðvar, hefur verið flutt tímabundið úr slökkvistöð yfir í aðstöðu Regus, einnig hefur slökkvitækjaþjónustan verið flutt í aðstöðu hafnarinnar.

Þar sem unnið er í því að meta lágmarks umfang viðhalds í viðverurýmum starfsmanna. Sú vinna felur í sér að hreinsa út blaut og morkin byggingarefni, þétting þaks og endurnýjun á því allra nauðsynlegasta. Þrátt fyrir að farið verði í bráðaviðgerð, þá er ljóst að um kostnaðarsama aðgerð er að ræða.

Að mati sviðsstjóra umhverfiss- og eignasviðs, þá eru bráðaviðgerðir ekki að fara leysa vanda sem hefur verið til staðar mörg undanfarin ár, sem tengjast aðbúnaði starfsmanna stöðvarinnar, t.a.m. salernisaðstaða, sturtuaðstaða, búningsaðstaða og útsogskerfi fyrir bifreiðar.

Þær sviðsmyndir lagt er til við bæjarráð að skoða og taka afstöðu til eru eftirfarandi.

**Valkostur 1:** Að Ísafjarðarbær byggi nýja slökkvistöð sem staðsett yrði á Suðurtanga, Ísafirði. Áætlað fermetraverð er 460.000 m/vsk. Húsgerð yrði stálgrindarhús, klætt yleiningum á steiptum undirstöðum.

- 800 fm. hús myndi kosta 368 m.kr./m.vsk
- 1000 fm. hús myndi kosta 460 m.kr./m.vsk

**Valkostur 2:** Að Ísafjarðarbær auglýsi eftir leiguhúsnæði undir slökkvistöð sem uppfyllir allar kröfur til slíks mannvirkis. Leigutími getur verið bundinn til langs tíma og að sveitarfélagið hefði forkaupsrétt á húsinu. Áætlað leiguverð er á bilinu 1450-1550 kr/fm. sem er vísitölubundin. Miðað við 1000 fm. þá yrði kostnaður 1450 – 1550 þ.kr. + vsk. per mánuð. Að þessu sögðu þyrfti að skoða frekar með forkaupsrétt og með að áður greidd leiga gangi upp í kaupverð við kaup.

**Valkostur 3:** Hefja viðgerðir á núverandi stöð í Fjarðarstræti, nokkur óvissa er með kostnað og viðgerðir á húsnæðinu. Þar sem ástand er víða slæmt eftir áralangt viðhaldsleysi jafnframt hefur mygla gert vart við sig víða. Mannvirkið uppfyllir ekki kröfur HMS sem gerðar eru til slökkvistöðvar í dag. Mögulegur kostnaður við viðgerðir eru 91.600.000 kr.-

- Þakvirki og klæðning 84 m.kr.-
  - Neyðarviðgerðir í starfsmannaðstöðu og í turnrými áætlaður kostnaður um 7,6 m.kr.-
- Eins og staðan er með þakvirkið þá þyrfti helst að skipta um hluta af því áður en farið er í neyðarviðgerðir innanhúss. Að öðrum kosti fara hlutirnir í sama horfið á skömmum tíma.

Lagt er til við bæjarráð að taka afstöðu til þeirra valkosta sem eru í boði þannig að hægt verði að útfæra þann valkost nánar til frekari greiningar og áframhaldandi vinnslu.









